



Lúxemborg, 14. desember 2007

FRÉTTATILKYNNING 08/07

Dómur í máli E-5/06 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Liechtenstein

ANDSTÆTT EES-SAMNINGNUM AÐ BINDA RÉTT TIL ALMANNATRYGGINGABÓTA VIÐ BÚSETU

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðaði gegn Liechtenstein. ESA krafðist þess að dómstóllinn lýsti því yfir að Liechtenstein hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt 1. og 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, eins og hún hefur verið aðlöguð og tekin upp í EES-samninginn.

Í málinu var um það deilt hvort Liechtenstein væri heimilt að gera búsetu í Liechtenstein að skilyrði fyrir rétti til svonefndra bjargarleysisbóta (*Hilflosenentschädigung*). Bæturnar eru taldar upp í II. viðauka a við reglugerð 1408/71 sem sérstakar bætur sem ekki eru yfirfærarlegar milli landa (non-exportable) og því heimilt að binda við búsetu á þennan hátt. Í úrlausn dómstólsins kemur fram að enda þótt tilvísun til bóta í viðaukanum sé nauðsynleg til að þess að þær teljist ekki yfirfærarlegar í skilningi reglugerðarinnar þá nægi slík tilvísun ekki ein og sér. Bæturnar sem málið varði uppfylli ekki þau viðbótarskilyrði sem reglugerðin setji. Þær teljist „bætur vegna veikinda” í skilningi reglugerðarinnar og samkvæmt henni séu slíkar bætur yfirfærarlegar.

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök að samið hefði verið um sérstakar undanþágur frá skilyrðum reglugerðarinnar þegar Liechtenstein gerðist aðili að EES-samningnum.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að Liechtenstein hefði vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt áður nefndum ákvæðum reglugerðar 1408/71.

Dómurinn í heild sinn er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.